

DÝFINGA- OG SUNDFIMINEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Dýfinga- og sundfiminefndar

er hafa forgöngu um að kynna dýfingar og samhæfða sundfimi á Íslandi.

Nefndinni ber að leita sér upplýsinga og aðstoðar úr öðrum íþróttagreinum og erlendis frá til dæmis norrænu sundsamböndunum.

Verkefni **Dýfinga- og sundfiminefndar** eru:

- að vinna að útbreiðslu dýfinga á Íslandi
- að vinna að uppbyggingu á aðstöðu fyrir dýfingafólk
- að sjá um, fjármagna og halda Íslandsmót í dýfingum
- að vinna að útgáfu á dýfingarreglum FINA á íslensku í samráði við Dómara,- móta og tækninefnd
- að kynna samhæfða sundfimi á Íslandi
- að vinna að uppbyggingu á aðstöðu fyrir samhæfða sundfimi
- að sjá um, fjármagna og halda Íslandsmót í samhæfðri sundfimi, þegar þess er kostur

Nefndin hittist nefndin eftir þörfum (ekki sjaldnar en einu sinni á ári) og sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.